



Fundur bráðabirgðastjórnar 24. júlí 2017

Fundur var haldinn í húsnæði Bókasafns Dagsbrúnar að Þórunnartúni 2 á boðuðum tíma, klukkan 20:00 þann 24. júlí 2017. Mætt voru Sigurður H. Einarsson, Gunnar Smári Egilsson, Laufey Ólafsdóttir, Benjamín Julian, Viðar Þorsteinsson, Sólveig Anna Jónsdóttir og Sanna Magdalena Mörtudóttir.

Viðar Þorsteinsson ritaði fundargerð.

Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1 · Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar, 24. júlí, var borin upp og samþykkt.

2 · Starf flokksins

Rætt var um margvíslegar hugmyndir um komandi starf flokksins, þ.á m. stefnumótunarstarf. Umræður voru óformlegar, fóru vítt og breitt og eru ekki gerð tæmandi skil í fundargerð.

Rætt var um fyrirætlaðan fund um starfsgetumat sem Viðar og Ásta Dís munu sjá um. Væntanleg dagsetning hans yrði fimmtudagur 3. ágúst. Minnt var á nauðsyn þess að vera með túlk fyrir heyrnarlausu. Rætt var um mögulega staðsetningu, og var stungið upp á Þjóðarbókhöðunni og Hallveigarstöðum. Viðar tekur að sér að kanna staðsetningu og kynna framhald málsins fyrir stjórn.

Þá var rætt um fyrirhugað “sósíalísmánámskeið” sem Viðar mun efna til og halda í september-byrjun. Samþykkt hefur verið að námskeiðið verði kynnt í nafni Ungra sósíalista. Viðar og Sanna vinna þetta mál áfram og Sólveig Anna bauð jafnframt fram aðstoð sína.

Rætt var um málefni sem hafa verið í fjölmiðlum og tengingu þeirra við stefnu og áherslur Sósíalistaflokksins, ss. slæmt ástand húsnæðismála í Reykjanesbæ, ástand innviða og húsakosts hjá Reykjavíkurborg (ss. leikskólum) og hvernig flokkurinn geti beitt sér í þágu félagslegs réttlætis í þessum málum.

Fundi var slitið um klukkan 21:25.